

Undir dáleiðslu

það er eins og undirmeðvitundir okkar
séu að tala saman þegar við hittumst
eins og við förum í dáleiðslu bæði tvö
af því að vera í kingum hvort annað
en ég veit ekki hvort það sé ást eða hreinlega ótti
ég veit það bara að mig langar til að falla dýpra
ofan í þessa dáleiðslu
sönn ást er ekki losti og sönn ást er ekki blind
hún gerir engar málamiðlanir því hún er eins og steypuklumpur sem fellur í jörðina
og býr til undirstöðurnar fyrir húsið
það er enginn að fara að haggja henni eða móta hana til
því sönn ást er ást
en ég veit ekki hvort ég sé undir dáleiðslu eða ekki